

Héraðsdómur Vesturlands

D Ó M U R

29. september 2022

Mál nr. E-206/2021

Sædís Helga Guðmundsdóttir, Þórunn S. Kristinsdóttir og Hjörtur Guðjón Guðmundsson
(*Gunnar Ingi Jóhannsson lögmaður*)

gegn

Ingveldi Hrönn Björnsdóttur, Herði Grétari Gunnarssyni, Sæbrún hf., J og K ehf., Halldóru Björnsdóttur, Magnúsi Þór Þórisyni, Valgerði Björnsdóttur og Haraldi Magnússyni
(*Magnús Óskarsson lögmaður*)

og gagnsök

Dómkröfur og málsmeðferð

- Aðalsök í máli þessu var höfðuð með stefnubirtingu 21. september 2021.
- Málið höfða Sædís Helga Guðmundsdóttir, Grundartanga 43, 350 Grundarfirði, Þórunn S. Kristinsdóttir, Fossahlíð 2, 350 Grundarfirði, og Hjörtur Guðjón Guðmundsson, Innri-Gröf, 350 Grundarfirði. Þeim er jafnframt öllum stefnt í gagnsök.
- Stefndu, sem jafnframt höfða gagnsök í málinu, eru Ingveldur Hrönn Björnsdóttir, Garðastræti 45, 101 Reykjavík, Hörður Grétar Gunnarsson, Sóltúni 5, 105 Reykjavík, Sæbrún hf., Fellsenda, 350 Grundarfirði, J og K ehf., Fellsenda, 350 Grundarfirði, Halldóra Björnsdóttir, Keilugranda 4, 107 Reykjavík, Magnús Þór Þórisson, Reyrengi 9, 112 Reykjavík, Valgerður Björnsdóttir, Snælandi 8, 108 Reykjavík, og Haraldur Magnússon, Hæðargarði 35, 108 Reykjavík.

4. Stefnendur gera í aðalsök eftirfarandi dómkröfur:

5. Að viðurkennt verði með dómi að landamerki milli jarða stefnenda, Háls, landnr. 136612, Hálsabóls, landnr. 218802, og Sólbakka, landnr. 218803, annars vegar og jarðarinnar Kirkjufells, landnr. 136626, hins vegar, frá svonefndri Hrafshjallasnös í Kirkjufelli, Grundarfjarðarbæ, og að svonefndri Kerlingu afmarkist af eftirgreindum hnitum: Frá Hrafshjallasnös í hnitpunkti nr. 7 (X 296551.8 Y 499739.6) í Kolpúfu vestanvert í Reiðhóli merkt hnitpunktur nr. 8 (X 296165.9 Y 498899.4); úr hnitpunkti nr. 8 í beinni stefnu í stóran stein vestan og neðan til hjá Langholts-neðri-mel í hnitpunkti nr. 9 (X 295713.7 Y 498264.0) og þaðan hákollinn í Kerlingu sunnanvert við Skál í hnitpunkti nr. 10 (X 294821.0 Y 497666.5).

6. Til vara er þess krafist að viðurkennt verði með dómi að kennileitið Kolpúfa, sem ráði merkjum jarðanna Háls, Hálsabóls og Sólbakka annars vegar og Kirkjufells hins vegar, sé staðsett í hnitpunkti nr. 8 (X 296165.9, Y 498899.4).

7. Þá er þess krafist að stefndu verði sameiginlega dæmdir til að greiða stefnendum málskostnað að skaðlausu.

8. Stefndu krefjast sýknu í aðalsök og málskostnaðar að skaðlausu.

9. Í gagnsök krefjast stefndu, sem gagnstefnendur, þess að viðurkennt verði með dómi að landamerki milli jarðar gagnstefnenda, Kirkjufells, landnr. 136626, annars vegar og jarða gagnstefndu, Háls, landnr. 136612, Hálsabóls, landnr. 218802, og Sólbakka, landnr. 218803, hins vegar, frá Hrafshjallasnös að svokallaðri Kerlingu, afmarkist á eftirfarandi hátt: Frá (1) Hrafshjallasnös í Kirkjufelli við Grundarfjörð með hnitin Y 499670.336 X 296530.883 (punktur 501 á dskj. 24) í beinni línu í (2) stað þann þar sem þúfnabarðssnös sem hét Kolpúfa stóð með hnitin Y 499037.439 X 296062.527 (punktur 504 á dskj. 24), þaðan í beinni línu í (3) stóra steininn vestan og neðan til á Langholts-neðri-mel með hnitin Y 498610.875 X 295817.495 (punktur 507 á dskj. 24) og þaðan í beinni línu í (4) hákollinn á svokallaðri Kerlingu sunnanvert við Skál með hnitin Y 497666.5, X 294821.0.

10. Til vara gera gagnstefnendur þá kröfu að viðurkennt verði með dómi að landamerkin afmarkist á eftirfarandi hátt: Frá (1) Hrafshjallasnös í Kirkjufelli við Grundarfjörð með hnitin Y 499670.336 X 296530.883 (punktur 501 á dskj. 24) í beinni línu í (2) stað þann þar sem þúfnabarðssnös sem hét Kolpúfa stóð með hnitin Y 499016.204 X 296088.625 (punktur 505 á dskj. 24), þaðan í beinni línu í (3) stóra steininn vestan og neðan til á Langholts-neðri-mel með hnitin Y 498610.875 X 295817.495 (punktur 507 á dskj. 24) og þaðan í beinni línu í (4) hákollinn á svokallaðri Kerlingu sunnanvert við Skál með hnitin Y 497666.5, X 294821.0.

11. Til þrautavara gera gagnstefnendur þá kröfu að viðurkennt verði með dómi að landamerkin afmarkist á eftirfarandi hátt: Frá (1) Hrafshjallasnös í Kirkjufelli við Grundarfjörð með hnitin Y 499670.336 X 296530.883 (punktur 501 á dskj. 24) í beinni línu í (2) stað þann þar sem þúfnabarðssnös sem hét Kolþúfa stóð með hnitin Y 499008.061 X 296098.358 (punktur 506 á dskj. 24), þaðan í beinni línu í (3) stóra steininn vestan og neðan til á Langholts-neðri-mel með hnitin Y 498610.875 X 295817.495 (punktur 507 á dskj. 24) og þaðan í beinni línu í (4) hákollinn á svokallaðri Kerlingu sunnanvert við Skál með hnitin Y 497666.5, X 294821.0.

12. Þá krefjast gagnstefnendur þess að gagnstefndu verði dæmd in solidum til greiðslu alls málskostnaðar gagnstefnendum að skaðlausu.

13. Stefnendur, stefndu í gagnsök, krefjast í gagnsök sýknu af öllum kröfum gagnstefnenda og málskostnaðar úr hendi þeirra.

14. Aðalmeðferð málsins hófst með vettvangsgöngu dómsins um svæðið sem deilt er um, með lögmonnum og nokkrum fulltrúum aðila, mánudaginn 29. ágúst sl. Aðstæður voru ágætar og skyggni gott framan af. Aðalmeðferð málsins var framhaldið í dómshal að Bjarnarbraut 8 í Borgarnesi, föstudaginn 2. september sl. með skýrslutökum og málflutningi lögmanna. Málið var dómtekið sama dag.

15. Aðilaskýrslur fyrir dómi gáfu Sædís Helga Guðmundsdóttir stefnandi og stefndu Hörður Gunnarsson og Haraldur Magnússon. Þá gáfu vitnaskýrslur Gunnar Magnússon, faðir stefnandans Harðar, og Hreiðar Páll Haraldsson, sonur stefnandans Haraldar, Ólafur Ingi Jónsson, eigandi og ábúandi á Mýrum, sem er næsta jörð við Háls, Ragnar Þór Alfredsson og Valgeir Þór Magnússon sem unnu við girðingar á svæðinu. Einnig gaf skýrslu Skarphéðinn Magnús Guðmundsson.

16. Vísað verður til framburðar fyrir dómi eins og dómurinn telur sérstaka þörf á fyrir úrlausn málsins.

17. Ef vísað er í dómnum til stefnenda eða stefndu án frekari skýringar er átt við aðild eins og hún er í aðalsök, jafnvel þótt til umfjöllunar séu kröfur í gagnsök.

Málsatvik

18. Stefnendur eru þinglýstir eigendur þriggja jarða sem eiga landamerki að jörð í sameiginlegri og óskiptri eigu stefndu, Kirkjufelli, landnr. 136626. Nánar tiltekið á stefnandinn Sædís Helga jörðina Sólbakka, landnr. 218803, stefnandinn Hjörtur Guðjón á jörðina Hálsaból, landnr. 218802, og stefnandinn Þórunn á jörðina Háls, landnr. 136612.

19. Stefndu eiga jörðina Kirkjufell, landnr. 136626, í óskiptri sameign í hlutföllum sem nánar er lýst í greinargerð, alls 100% í jörðinni Kirkjufelli.

20. Jörðin Kirkjufell á landamerki að jörðum stefnenda. Jarðirnar Sólbakki og Hálsaból voru áður hluti jarðarinnar Háls en þeirri jörð var skipt upp með samningi 1. september 2010 þannig að til urðu jarðirnar Hálsaból og Sólbakki. Í þeim gerningi voru merkin hnitsett en stefnendur töldu á þeim tíma að hnitsetning milli Háls og Kirkjufells væri ekki rétt og kveðast hafa gert við hana athugasemd. Stefndu kannast hins vegar ekki við slíkar athugasemdir, enda kveðast eigendur Kirkjufells ekki hafa haft vitneskju um hnitsetningu við uppskiptingu jarðanna en þá hefði slíkum hnitum strax verið mótmælt.

21. Skiptingin fór alltétt fram á þeim grundvelli sem skipulags- og byggingarstjóri Grundarfjarðarbæjar taldi að yrði að miða við svo að skiptingin gæti gengið í gegn. Athugasemdum stefnenda við hnitsetninguna var að sögn komið á framfæri við sýslumannsembættið í Stykkishólmi, en þar kom fram sú afstaða embættisins að hnitsetningin í þessu tilviki væri aðeins til að skipta jörðinni Hálsi, hún hafi ekki verið samþykkt af eigendum Kirkjufells og hefði því engin áhrif á merki við Kirkjufell.

22. Fyrir liggur þannig eftir því sem næst verður komist að hnitsetningin virðist ósamþykkt af öllum hvað varðar merki milli Háls og Kirkjufells.

23. Landamerkjum Háls og Kirkjufells er lýst í lið 1 í landamerkjalyýsingu fyrir Háls frá 17. júní 1884. Þar segir orðrétt:

„Milli Háls og Kirkjufells tilgreinast eptirfylgjandi landamerki, beint úr Hrafnshjalla snös ofan eptir Hálsinum sjónhending í Kolþúfu, sem er vestan til við Reiðhól, og er þúfnabarðssnös með kolum frá fyrri tíð, en þar á lagðar nú hellur og grjót til einkunnar, þaðan beina stefnu í stóran stein vestan og neðan til í Langholts-neðri-mel, hjá þessum stein liggja kol í jörð og yfir þau er kastað steinum til einkunnar, sem öllum er bannað að rjúfa. Þaðan beint í hákollinn á svokallaðri Kerlingu sunnanvert við Skál.“

24. Landamerkjum Háls og Kirkjufells er lýst í lið 2 í landamerkjalyýsingu Kirkjufells frá 17. júní 1884. Þar segir orðrétt:

„Milli Kirkjufells og Háls tilgreinast eptirfylgjandi landamerki, eptir við ferlíkunar Commission inngengnum skilmálum þann 19. ágúst 1882, beint úr Hrafnshjallasnös ofan eptir hálsinum sjónhending í kolþúfu, sem er vestan til við Reiðhól og er þúfnabarðssnös með kolum í frá fyrri tíð, en þar á lagðar nú hellur og grjót til einkunnar, þaðan beina stefnu í stóran stein vestan og neðan til á Langholtsneðrimel, hjá þessum stein liggja kol í jörðu, og yfir þau er kastað steinum til einkunnar, sem öllum er bannað að rjúfa, þaðan beint í hákollinn á svokallaðri Kerlingu sunnan vert við Skál.“

25. Þau örnefni sem þarna er lýst eru á þeim hnitapunktum sem koma fram í kröfu stefnenda í gagnsök. Hrafnshjallasnösin er uppi í Kirkjufelli og er mjög greinileg. Þúfnabarðssnösinni sem hét Kolþúfa hefur verið raskað að sögn stefndu en enn séu til staðar leifar af þúfnabarðinu. Stóri steinninn vestan og neðan til í Langholts-neðri-mel

sé enn á sínum stað og vel greinilegur. Kerlingin sunnanvert við Skál sé einnig vel greinileg. Samkvæmt málatilbúnaði stefnenda er stóri steinninn sem miða skal við hins vegar horfinn vegna framkvæmda og hafi verið á allt öðrum stað. Einnig telja þau Kolpúfu á öðrum stað en stefndu telja.

26. Stefnendur kveða landamerki milli Háls og Kirkjufells lengi hafa verið umdeild. Þannig hafi til dæmis eigandi hálftrar Kirkjufellsjarðarinnar bannað „alla ólöglega notkun á téðri jörð“ með þinglesinni yfirlýsingu, dagsettri 15. júní 1885, en þar kemur fram að landamerki Kirkjufells og jarðarinnar Hnausa, sem liggur til norðurs af Kirkjufelli, séu ósamþykkt af eigendum Kirkjufells. Stefndu telja yfirlýsingu um deilur orðum aukna og vísa til þess að enginn ágreiningur hafi verið um merki milli Háls og Kirkjufells þegar Hallgrímur Sveinsson og kona hans og faðir Haraldar, Sveinn, voru ábúendur á Hálsi og Magnús Gíslason var eigandi Kirkjufells.

27. Stefnendur vísa til þess að í landamerkjalyfingum, sbr. framangreint, sé merkjum jafnan lýst þannig að þau séu dregin frá svonefndri Hrafshjallasnös, sem er klettasnös ofarlega á fjallinu Kirkjufelli. Þaðan liggja þau ofan eftir hálsinum, þ.e.a.s. hálsi Kirkjufells, og beina sjónhendingu í Kolpúfu, sem sé vestan til við svonefndan Reiðhól. Það sé í raun þau merki sem mestur ágreiningur er um, nákvæmlega hvar umræddur Reiðhóll hafi verið og nefnd Kolpúfa. Ágreiningurinn varði því ekki mikið landsvæði og af þeim sökum hafi stefnendur að sögn ekki til þessa talið brýna þörf á að skera úr um landamerkin. Stefndu taka undir þetta, þ.e. hvar meginágreiningurinn liggja en telja ágreininginn tilefnislausan og byggðan á vanþekkingu eða misskilningi stefnenda. Aldrei hafi verið neinn vafi um staðsetningu þessara merkja.

28. Hinn 16. júní 1921 gekk landamerkjadómur um merki Kirkjufells og jarðarinnar Hellnafells sem liggur austur af Kirkjufelli. Hins vegar hefur ekki verið skorið úr um landamerki Kirkjufells og Háls til vesturs af Kirkjufelli, með dómi eða samkomulagi eigenda jarðanna.

29. Samkvæmt afsali dagsettu 31. maí 1985 fékk Guðmundur Pálsson jörðina Háls afhenta þann 25. maí 1985. Guðmundur lést árið 2019 en eftirlifandi kona hans er stefnandi Þórunn S. Kristinsdóttir. Í afsalinu kemur fram að landamerki jarðarinnar séu ágreiningslaus.

30. Á árinu 1986 var lagður nýr þjóðvegur á svæðinu um jarðirnar Háls og Kirkjufell. Vegna þeirrar vegagerðar samdi Vegagerðin við eigendur Kirkjufells á þeim tíma um efnistöku. Meðal annars var tekið efni úr Reiðhól og við það mun hóllinn hafa lækkað mikið. Enn í dag má greina ummerki eftir efnistöku og staðsetningu hólsins.

31. Við efnistöku kveða stefndu mikið jarðrask hafa orðið og við það hafi þúfnabarðið með þúfnabarðssnösinni sem kölluð var Kolpúfa sem var vestan við hóllinn spillst. Á

loftmynd frá 18. júlí 1986 megi glögglega sjá rask sem þarna hafi orðið þegar settur var tengivegur milli gamla malarvegarins og nýja þjóðvegarins meðan á framkvæmdinni stóð. Af skjölum frá Vegagerðinni megi ráða að eigendum Kirkjufells hafi verið greitt fyrir efnistöku úr Reiðhóli, en ekkert komi fram um greiðslur til eigenda Háls vegna þess. Þrátt fyrir það hafi efnistaka að sögn stefndu verið að hluta úr landi sem stefnendur telji nú sitt.

32. Í greinargerð sinni í gagnsök mótmæla stefnendur áhrifum vegagerðarinnar í málinu og samskipta stofnunarinnar við eigendur Kirkjufells sem hafi þó sannanlega verið umfram samskipti við eigendur Háls. Efnistaka vegna vegagerðarinnar staðfesti ekkert um merki jarðanna en umfjöllun í greinargerð stefndu gefi þó tilefni til að ætla að efni hafi sannanlega verið tekið úr landi Háls. Hins vegar sé með öllu ósannað og því neitað að nokkurt samráð hafi verið haft við eigendur Háls vegna þessa. Með sama hætti hljóti að vera ljóst að ekkert samþykki hafi legið fyrir af hálfu eigenda Háls.

33. Engin girðing var við landamerki jarðanna á hinu umdeilda svæði á þeim tíma sem vegaf framkvæmdir við nýja þjóðveginn voru í gangi. Stefndu telja tvær girðingar sem voru reistar á tíunda áratug síðustu aldar hafa þýðingu í málinu:

34. Annars vegar hafi Ragnar Þór Alfreðsson, frændi stefndu Harðar og Haraldar, ásamt bróður sínum girt upp Hálsinn á Kirkjufelli. Sú girðing sé norðan megin við gamla og nýja þjóðveginn, u.þ.b. frá afleggjaranum að Hálsi og upp í Kirkjufellið og sé nokkurn veginn á réttum landamerkjum. Enginn ágreiningur hafi verið um staðsetningu þessarar girðingar. Guðmundur og stefnandinn Þórunn gerðu að sögn stefndu aldrei athugasemdir við legu hennar.

35. Hins vegar hafi ábúendur á Hálsi, þá Guðmundur og stefnandi Þórunn, heimilað Bjarna Jónassyni frá Kóngsbakka að girða og setja upp hestagerði í landi Háls til að geyma þar hross. Hafi Bjarni farið af stað að girða og girt frá gamla þjóðveginum og langt inn í land Kirkjufells og upp í Háholt þegar hann hafi verið stöðvaður af Gunnari Magnússyni sem ólst upp í Kirkjufelli en Gunnar er sonur Magnúsar Gíslasonar, eiganda Kirkjufells á þeim tíma. Hafi Bjarni þá tekið upp blað með landamerkjum Kirkjufells og Háls og þulið upp öll kennileitin til að styðja mál sitt en hafi að sögn stefndu ekki lesið rétt úr þeim. Guðmundur hafi þá verið kallaður út í Kirkjufell til að fara yfir málið en, eins og Bjarni, ekki þekkt þau. Úr hafi orðið að Bjarni reif upp alla girðinguna og setti hana niður vestar. Einhverjir gamlir staurar standi þó hugsanlega eftir sem gætu sést á einhverjum gömlum loftmyndum. Síðar hafi verið sett upp lítil steinvarða af Guðmundi og Gunnari á þeim stað sem þeir hafi sammælt um að þúfnabarðssnösín Kolþúfa hafi verið en varðan sé ekki til staðar lengur. Girðing þessi liggja upp að stóra steini vestan og neðan til á Langholts-neðri-mel og þaðan upp í hlíð Mýrarhyrnu í línu við Kerlinguna.

36. Hinn 5. apríl 2018 auglýsti Grundarfjarðarbær deiliskipulagstillögu fyrir svæði sem er um 10,5 ha umhverfis Kirkjufellsfoss. Innan marka svæðisins var gert ráð fyrir

bílastæðum, gönguleiðum, upplýsingaskilti, áningarstöðum og salernisaðstöðu fyrir ferðamenn. Í deiliskipulagstillögunni kom fram að svæðið næði að miðlínu þjóðvegur nr. 54 (Snæfellsnesvegi) í norðri, jarðamörkum Háls, Sólbakka og Kirkjufells í vestri, gamla þjóðveginum (reiðleið) í suðri og Skipavík í austri. Í skipulagstillögunni voru landamerki dregin með tilteknum hætti sem stefnendur telja ekki rétt merki milli jarðanna. Á bls. 7 í deiliskipulagstillögunni var staðsetning fyrirhugaðs bílastæðis merkt með rauðum hring og það sagt „vestan við Reiðhól“.

37. Með bréfi, dagsettu 24. apríl 2018, gerði stefnandi Sædís Helga, eigandi jarðarinnar Sólbakka, athugasemdir við þetta og benti á að hluti deiliskipulagstillögunnar varðaði land hennar eins og hún teldi landamerkin rétt dregin samkvæmt landamerkjabréfum. Fram kom í bréfinu að lykilatríði um merki jarðanna væri staðsetning Reiðhóls og kolaþúfunnar sem liggur, eða hefði legið, vestan við hólinn eða í honum, eins og fram kæmi í öðrum lýsingum á merkjum jarðanna. Raunar væri ekki ágreiningur um staðsetningu Reiðhóls, enda hafi hann verið þekkt auðkenni þar til Snæfellsnesvegur var lagður í byrjun 9. áratugar liðinnar aldar, þegar töluvert jarðrask hafi verið á svæðinu. Bent var á að Reiðhóllinn væri í beinu framhaldi af hálsinum á Kirkjufelli og rökrétt væri, m.v. staðhætti og lýsingar á landamerkjum, að merkin lægju þar um.

38. Deiliskipulag þetta fyrir Kirkjufellsfoss var samþykkt 18. maí 2018. Skipulag þetta náði ekki alveg að landamerkjum til þess, að sögn stefndu, að koma í veg fyrir athugasemdir eða ágreining við skipulagsgerðina. Framangreindar athugasemdir Snædísar Helgu höfðu ekki áhrif á skipulagið og öðlaðist það gildi með auglýsingu þann 4. júlí 2018.

39. Gagnstefndu, stefnendur málsins, mótmæla því að deiliskipulag Kirkjufellsfoss hafi nokkra þýðingu fyrir það hvar landamerkin liggja. Í skipulaginu séu þannig beinlínis fyrirvarar um staðsetningu landamerkja, eins og það er orðað í skipulaginu. Hafi bæjaryfirvöld því enga afstöðu tekið til merkjanna við skipulagsvinnu sína, en óhjákvæmilega hafi þurft að miða við einhver merki, þótt tekið hafi verið fram að þau væru ekki endilega rétt.

40. Í janúar 2021 voru lögð fram á fundi sveitarstjórnar Grundarfjarðarbæjar drög að samningi við einkafyrirtækið Sanna landvætti ehf., sem mun vera dótturfélag verkfræðistofunnar Verkís ehf. og hefur tekið að sér að hanna og reisa aðstöðu við þekkta ferðamannastaði á Íslandi gegn endurgjaldi. Samkvæmt samningsdrögunum átti félagið að reka bílastæði við Kirkjufellsfoss, salernisaðstöðu o.fl. og sjá um gjaldtöku á svæðinu. Fram kom að félagið hefði þegar gert samning við eigendur Kirkjufells um afnot af landinu. Samþykkt var samhljóða í sveitarstjórn að ljúka samningaviðræðum við félagið.

41. Stefnandinn Sædís Helga sendi af þessu tilefni erindi á sveitarstjórn, Sanna landvætti ehf. og eigendur Kirkjufells, þar sem áréttað var að ágreiningur væri um landamerki Hálsjarðanna og Kirkjufells, en hluti framkvæmdarinnar félli innan lands Sólbakka ef

miðað væri við skilning stefnanda á þeim. Engin viðbrögð hafi orðið af hálfu þessara aðila. Stefnendur settu sig einnig í samband við eigendur Kirkjufells og vildu ná samkomulagi um landamerkin. Óskað var eftir samvinnu um uppmælingu og hnitsetningu landamerkjanna. Lítil viðbrögð hafi fengist við þeim umleitunum að sögn stefnanda en fyrir liggur að eigendur Kirkjufells vilja miða við girðingu á svæðinu sem stendur allnokkuð norðan og vestan við Reiðhólinn. Stefnu lýsa þessum samskiptum þannig að stefnandinn Sædís hafi sent stefnda Herði og fyrirsvarsmönnum stefnu Sæbrúnar hf. og J og K ehf. tölvupóst 31. janúar 2021. Í framhaldi af þessum samskiptum hafi verið farið með bræðrunum Gunnari og Haraldi frá Kirkjufelli á staðinn til að sannreyna lýsingar og staðhætti. Einnig til að sannreyna það sem komi fram á myndum, þ.m.t. loftmyndum. Stefndi Hörður kveðst hafa svarað Sædís um að þar þyrfti aðkomu eigenda hinna jarðanna sem áður mynduðu Háls þar sem landamerkin liggja að þeim. Það hafi hins vegar aldrei komið beiðni eða svar frá eigendum á Hálsi eða Hálsabóli né skilaboð í gegnum gagnstefnu Sædís.

42. Í september 2021 fóru stefndi Haraldur, stefndi Hörður, Gunnar, faðir stefnda Harðar, og Hreiðar, sonur stefnda Haraldar, með landmælingamanninum Þórði Valdimarssyni, sem rekur fyrirtækið Mælingu ehf., og tóku GPS-punkta í Hrafnshjallasnösinni og staðnum þar sem þeir telja að þúfnabarðssnösin Kolpúfa hafi verið, ásamt því að farið var upp að stóra steininum í Neðri-Langholtsmel og punktur tekinn þar. Þar sem þúfnabarðssnösinni sjálfri, Kolpúfu, hafði verið raskað þá hafi verið teknir punktar sem m.a. sé notast við í kröfugerð í gagnstefnu.

43. Þúfnabarðssnösin Kolpúfa var að sögn stefndu staðsett í þúfnabarði sem spilltist við vegaframkvæmdirnar árið 1986. Hún hafi verið vestan til við Reiðhól og hafi verið þúfnabarðssnös með kolum í frá fyrri tíð og hellum og grjóti til einkunnar eins og segir í landamerkjalyfingu. Staðsetningu hennar megi sjá á loftmyndum. Á þessum myndum megi sjá Reiðhól í samhengi við staðsetningu þúfnabarðssnasarinnar Kolpúfu og sjáist að hún stendur nokkuð vestar en hóllinn eins og komi fram í landamerkjalyfingu. Vísað er einnig um þetta til framlagðra loftmynda.

44. Stefnendur á hinn bóginn telja undarlegt, hafi eigendur Kirkjufells vitað hvar Kolpúfan var árið 1986 og hafi m.a. sinnt því að bæta í hana kolum til glöggvunar um landamerki, að þeir hafi ekki gætt þess að henni yrði ekki raskað eða halda merkjum um hana til haga í ljósi þess að það hafi verið þeir sem önnuðust öll samskipti við Vegagerðina um efnistöku og lagningu vegarins. Þvert á móti verði að telja þetta vísbendingu um að staðsetning Kolpúfunnar hafi ekki verið á hreinu á þessum tíma.

45. Framkvæmdir hófust á staðnum án þess að leyst væri úr því í hvaða landi framkvæmdin væri, og er framkvæmdum við bílastæði og aðstöðu á hluta hins umdeilda svæðis að því er virðist lokið.

Málsástæður stefnenda í aðalsök

46. Ágreining þessa máls kveða stefnendur fyrst og fremst bundinn við staðsetningu svonefnds Reiðhóls og nánar tiltekið svonefndrar Kolþúfu (kolapúfu). Landamerkjabréf og lýsingar séu samdóma um það að landamerki jarðanna Háls og Kirkjufells liggi í þessa Kolþúfu sem sé í eða við Reiðhólinn. Kolþúfan sjálf sé ekki örnefni heldur staðsetning í eða við Reiðhólinn, staður þar sem hugsanlega hafi verið stunduð kolagerð en hugsanlega hafi hún verið manngerð sem landamerki. Yfirleitt, kannski alltaf, hafi slíkar þúfur verið auðþekkjanlegar frá öðrum þúfum á dökkum lit þeirra í landslaginu, en það hafi gjarnan verið tilgangur slíkra þúfna.

47. Stefnendur telja þó rétt að gera grein fyrir öðrum staðsetningum sem kröfugerð stefnenda miði við. Samkvæmt kröfugerð stefnenda er fyrsti punktur kröfugerðar svonefnd Hrafnshjallasnös, sem stundum sé einnig nefnd Hrafnasnös eða Hærrihjallasnös. Hvorki sé ágreiningur um staðsetningu Hrafnshjallasnasar né að sá punktur marki landamerki jarðanna. Hrafnshjallasnös sé klettasnös sem gengur fram úr fjallinu Kirkjufelli. Neðan við hana eru klettahjallar í Kirkjufelli, sem nefnast annars vegar Hærri-hjallar og svo Lægri-Hjallar. Beint niður af Hrafnshjallasnös og Hærri-Hjöllum heiti Háls, sem jörðin Háls dragi nafn sitt af. Um sé að ræða hálsinn sem gangi niður af Kirkjufelli og sé jörðin Háls vestan megin en Kirkjufellsjörðin austan megin. Í örnefnalýsingu Þorleifs Jóhannessonar fyrir jörðina Háls (ódagsett) segir að eiðið milli Hálsaðals og Kirkjufellsaðals sé kallaður Háls, það sé hryggur sem gangi frá fellinu og til aðalfjallgarðsins.

48. Í örnefnalýsingu Bárðar Sveinssonar o.fl. frá Hálsi, fyrir Háls og Kirkjufell, sé því lýst að til suðaustlægrar áttar, í átt til fjallgarðsins, halli Hálsinum niður frá fellinu, í suðvestlæga átt til fjallgarðsins. Í lýsingunni sé getið um Hrafnshjallasnös og Hærri-Hjalla. Jafnframt sé því lýst að þar neðan séu Lægri-Hjallar og Dagmálaborg, dálítill klettaborg sem beri við himin frá Hálsi. Þá komi fram að neðan Lægri-Hjalla og Dagmálaborgar sé svæði sem kallist Hálsinn. Um landamerki milli jarðanna segir Bárður að þau séu eftir minni Hallgríms Sveinssonar sem bjó á jörðinni Hálsi. Er þeim þar lýst sem sjónhendingu frá Kolapúfu vestan í Reiðhól og í Hrafnshjallasnös.

49. Eins og landamerkjum sé lýst í landamerkjabréfum og öðrum lýsingum séu merki jarðanna tekin úr Hrafnshjallasnös, ofan eftir Hálsinum og sjónhendingu í Kolþúfu í Reiðhólnum. Liggi beinast við að skilja þetta og aðrar lýsingar sem svo að merkin liggi niður eftir hryggnum, þ.e.a.s. að merkin liggi ofan á Hálsinum en ekki utanvert (vestanvert) á honum eins og þau hafa verið dregin á sumum kortum, m.a. í deiliskipulagstillögu Grundarfjarðarbæjar.

50. Sé þá næst að staðsetja kennileitið sem þessi lína frá Hrafnshjallasnös ofan hálsinn endar í, nánar tiltekið Kolþúfu í Reiðhól. Reiðhóll hafi verið þekkt kennileiti á svæðinu sem ekki sé lengur til. Jarðrask hafi orðið á svæðinu þegar Snæfellsnesvegur var lagður á 9. áratug liðinnar aldar. Áður hafði verið lagður vegur um hólinn sem sé heimreiðin að

Hálsi. Bendi þetta til þess að hóllinn hafi ekki risið hátt í landslaginu, en í þessu sambandi er vísað til framlagðar ljósmyndar þar sem hóllinn sést og hvernig heimreiðin liggur um hann. Séu ummerki á svæðinu um jarðrask sem bendi til þess hvar hann hafi verið. Engin ummerki séu þó um jarðrask á því svæði þar sem aðrir en stefndu telji landamerkin vera og hefði Reiðhóllinn því enn verið til ef hann hefði verið þar, þar sem ekkert jarðrask hafi átt sér stað utan lagningar vegarins.

51. Hægt sé að sjá Reiðhóllinn á gömlum loftmyndum, t.d. framlagðri loftmynd frá 1945, sem tekin hafi verið fyrir allt jarðrask á svæðinu. Á myndunum móti glögglega fyrir sandeða melhól sem lyfti sér upp úr landslaginu undir rötum háls Kirkjufells í nokkurn veginn beinni línu neðan við hálsinn. Í örnefnalýsingum komi fram að reiðgata hafi legið austan við hóllinn og oft verið áð vestan í honum. Gamla reiðgatan sé sýnileg á loftmyndakortum og sjáist þar hvar hún liggi austan við hóllinn og síðan beggja vegna hans.

52. Stefnendur telja það enga tilviljun að þetta kennileiti, nánar tiltekið Kolpúfan, sem ekki sé sérstakt örnefni heldur tiltekið kennileiti í hólnum, hafi verið valið til þess að afmarka merkin milli jarðanna. Ástæða þess sé sú að Kolpúfan í Reiðhólnum sé í beinni línu sem hugsast dregin frá Hrafnshjallasnös og ofan eftir hálsi Kirkjufells en á það er líka bent að algengt hafi verið að staðsetja kolpúfur til að afmarka landamerki. Einnig megi telja sýnt að væri Kolpúfan þar sem stefndu telja væri hún talin norðan við hóllinn en ekki vestan við hann. Stefnendur benda á að á elstu loftmyndum sem til séu af svæðinu frá árinu 1945, sem teknar séu áður en nokkurt rask vegna vegaframkvæmda hafi verið unnið, megi finna áberandi dökkan blett vestan til við Reiðhóllinn sem stefnendur telja að hafi verið umrædd Kolpúfa og staðurinn hugsanlega nýttur til kolagerðar. Sé miðað við þennan stað í kröfugerð stefnenda (punktur nr. 8). Stefnendur telja jafnframt að heimreiðin hafi verið lögð á merkjum jarðanna þar sem hún fari yfir hóllinn.

53. Stefnendur benda jafnframt á að landamerkin eins og stefndu telja þau vera sé bein lína í næsta kennileiti, þ.e.a.s. stóran stein. Stefnendur telja hins vegar að ef svo væri hefði ekki verið nein ástæða til að miða við Kolpúfu í Reiðhólnum ef merkin ættu ekki að taka þar aðra stefnu og skipta einhverju máli, enda fjöldi annarra örnefna á leiðinni sem þá hefði verið getið um. Alla jafna séu landamerkjalyfingar þannig að þeim er einungis lýst þegar merki eiga að taka aðra stefnu, nema þar sé sérstaklega tekið fram að þau fylgi einhverju tilteknu landslagi (t.d. ofan hálsinn). Ljóst sé að verið sé að lýsa merkjum í Kolpúfunum og þaðan taki merkin aðra stefnu í nýtt kennileiti. Þess vegna sé Kolpúfunnar sérstaklega getið, sem hefði verið óþarfi, hefðu merkin verið bein lína úr Hrafnshjallasnös og í punkt 9.

54. Til sé landamerkjalyfing undirrituð af Ó. Thorlacius, eiganda háls Kirkjufells, Kristínu Eggertsdóttur, eiganda Háls, og svo eigendum Mýra og Búða, hinn 17. júní 1884. Þar sé landamerkjum Háls og Kirkjufells lýst svo að þau séu beint úr Hrafnshjallasnös ofan eftir hálsinum sjónhendingu í Kolpúfu, sem sé vestan til við Reiðhól og sé þúfnabarðsnös með kolum frá fyrri tíð en þar á hafi verið lagðar hellur og

grjót til einkunnar og þaðan í beina stefnu í stóran stein vestan og neðan til á Langholts-neðri-mel. Þó að landamerkjalyásing þessi gefi ekki nákvæma staðsetningu á Kolþúfunni eða Reiðhólnum telja stefnendur að ráða megi ýmislegt af henni. Í fyrsta lagi að merkin hafi legið ofan eftir hálsinum. Í öðru lagi hafi Kolþúfan verið í þúfnabarði. Í þriðja lagi að þar hafi mátt gera ráð fyrir að hafi verið jarðrask og jafnvel á eldri loftmyndum mátt greina þær hellur eða grjót sem um sé rætt í landamerkjalyásingunni að hafi verið lögð á til einkunnar. Í fjórða lagi að Kolþúfan hafi markað stefnubreytingu landamerkjanna en ekki legið í beina stefnu yfir þennan punkt.

55. Til séu örnefnaskráningar þar sem fjallað sé um Reiðhól og gefnar á honum nánari lýsingar. Í örnefnaskráningu sem skráð er af Þorleifi Jóhannessyni fyrir jörðina Kirkjufell segi um Reiðhól að á innri brún Hálsins, sem sé milli Kirkjufellsins og Mýrarhyrnu, sé sandhóll við þjóðveginn, sem heiti Reiðhóll. Þessi lýsing sé annars ekki nákvæm þar sem Mýrarhyrna standi allfjarri Kirkjufelli. Stefnendur telja hins vegar að þarna sé mögulega verið að lýsa landinu milli örnefnanna Mýrar og Háls en þar á milli sé Reiðhóll. Í örnefnaskrá Örnefnastofnunar frá 1. febrúar 1978, skráðri af Sigríði Jóhannsdóttur, sé fjallað um örnefni á staðnum og byggt á örnefnaskrá Þorleifs Jónssonar. Segi þar að nálægt háhálsinum liggi landamærin milli jarðanna Kirkjufells og Háls. Til suðvesturs frá melnum sé mýri, sem nái að Reiðhól, en hann sé sand- eða melhóll. Hafi reiðgatan legið austan við hann, og hafi oft verið áð vestan í honum og komi það sama fram í skrá Bárðar Sveinssonar.

56. Út frá loftmyndum og lýsingum á örnefnum megi að mati stefnenda telja að Reiðhóllinn hafi verið hóll sem standi við mýri Kirkjufells og hafi verið við rætur háls Kirkjufells og megi þá sjá reiðgötur austan og vestan við hann. Stefnendur telja þetta sjást af loftmyndum af svæðinu. Stefnendur telja að reiðgatan sem um sé getið í örnefnalýsingum sjáist á myndum sem staðsetji Reiðhóllinn á þeim stað sem stefnendur telja og sjáist raunar enn móta fyrir henni á myndum. Reiðgatan sjáist liggja austan við hóllinn og vestur áfram og megi sjá af loftmyndum að gatan liggi um þann stað vestan við hóllinn sem stefnendur telja hafa verið Kolþúfuna, áningarstaðinn á reiðgötunni. Miðað við þessi gögn séu landamerkin, eins og stefndu virðast telja þau, ekki vera að neinu leyti í Reiðhólnum eða við hann og geti ekki verið vestan við hann, heldur fjarri honum og norðan við.

57. Áréttað er að í landamerkjalyásingu eigenda jarðanna frá 1884 sé þess getið að Kolþúfan hafi verið þúfnabarðssnös með kolum frá fyrri tíð. Sem fyrr segi sé ekkert þúfnabarð að finna þar sem merkin séu dregin í t.d. skipulagstillögu Grundarfjarðarbæjar. Þá séu þar engin ummerki um kol frá fyrri tíð. Hafi Kolþúfan verið notuð til kolagerðar, en kol finnast ekki náttúrulega á Íslandi, hefðu þar verið glögg ummerki um kolagerðina, yfirleitt á yfirborði.

58. Samkvæmt framangreindu telja stefnendur hafið yfir vafa að landamerki jarðanna séu ekki á þeim stað sem stefndu telja. Þvert á móti séu þau á þeim stað sem stefnendur hafa tilgreint í sinni kröfugerð.

59. Af eldri ljósmyndum sjáist gamla heimreiðin frá Þjóðveginum að bænum Hálsi og Kirkjufelli. Væri miðað við það sem stefndu telja rétt vera væri heimreiðin að Hálsi og Kirkjufelli eingöngu í landi Kirkjufells en ekki Háls. Verði það að teljast afar ósennilegt að ábúendur að Hálsi hefðu lagt heimreið að bæ sínum innan marka Kirkjufells en ekki í eigin landi. Líklegt megi telja að heimreiðin hefði verið lítið eitt vestar hefði hún verið í landi Kirkjufells, enda einnig styttra frá Þjóðveginum að bænum þar. Bendi staðsetning heimreiðarinnar, sem liggir í raun yfir gamla Reiðhólinn, einnig að mati stefnenda til þess að merki jarðanna séu í samræmi við kröfugerð stefnenda þannig að hún hafi verið lögð á merkjum jarðanna enda heimreið að báðum bæjum.

60. Sömuleiðis vísa stefnendur til ljósmyndar sem sé ódagsett en sé augljóslega nokkurra áratuga gömul en glögglega tekin eftir 1945, þar sem búið sé að leggja veg yfir hólinn og heimreið komin að bæjunum. Stefnendur telja þessa mynd sýna að merkin sem stefndu vilja miða við liggja ekki nálægt Reiðhólnum eins og hann hafi verið.

61. Frá Kolþúfu í Reiðhól séu merkin dregin í beina stefnu í stóran stein vestan og neðan til á svonefndum Neðri-Langholts-mel (punktur nr. 12). Er þá að staðsetja melinn og steininn sem um er getið. Stefnendur telja að rétt eins og með Hrafshjallasnös séu í þessu tilviki fleiri en eitt heiti á sama örnefninu. Í örnefnaskráningu Þorleifs Jónssonar fyrir Háls sé því lýst að fyrir innan svonefndan Kotlæk sé bungumyndað holt sem liggir á ská frá hlíð hynunnar, en líklega sé þar átt við Mýrarhyrnu, í áttina til fellsins, sem sé líklega Kirkjufell, og heiti það Langholt. Þar sem talað sé um Langholts-neðri-mel telja stefnendur að átt sé við melinn sem stundum sé nefndur Neðra-Háholt í heimildum. Í örnefnaskránni segi að vestur af háholtinu, þ.e. Langholti, komi gil ofan í klettana er heiti Þvergil. Ljóst sé að Þvergilið sem þar er nefnt sé innan við Efra- og Neðra-Háholt. Hvergi sé þar minnst á Langholts-neðri-mel og verði að ætla að um sé að ræða Neðra-Háholt. Í örnefnalýsingu Þorleifs fyrir Kirkjufell sé Langholts ekki getið en sagt að fyrir utan ána til móts við efsta Kirkjufellsfoss séu holt allmikil sem nái undir hlíð Mýrarhyrnu sem heiti Háholt. Í örnefnalýsingu Bárðar Sveinssonar sé fjallað um holt sem séu nefnd Árholt og lýst sem löngum og mjóum holtum sem liggja upp með ánni vestanverðri allt upp að Háholtslæk sem renni meðfram neðri Háholtum. Framan lækjarins skammt frá ánni heiti Neðri-Kúalágar. Sé af þessu ljóst að mati stefnenda að holtið sem um er rætt og nær frá Kirkjufellsfossu að Þvergili sé Langholt og við efsta hluta þeirra næst Mýrarhyrnu séu holt eða melir sem nefnd séu Efra- og Neðra-Háholt og sé annað þeirra, Neðra-Háholt, einnig nefnt Langholts-neðri-melur. Á þeim mel sé að finna merkin, nánar tiltekið punkt nr. 9.

62. Í örnefnaskráningu Þorleifs Jóhannessonar komi fram að á syðri brún Skálar sé mjög hár og einstakur klettur sem heiti Kerling. Það sé sá punktur þar sem heita má

ágreiningslaust að merkin milli jarðanna endi. Kröfugerð stefnenda miði við að merkin séu dregin frá punkti nr. 9 í þann punkt, nr. 10.

63. Varakrafa stefnenda tekur einungis til þess að leita viðurkenningar á staðsetningu hinnar svonefndu Kolpúfu í Reiðhólum. Krafan er gerð ef ágreiningur verður um landamerkin að öðru leyti og þau ekki viðurkennd. Eins og rakið sé undir aðalkröfu er meginágreiningur um staðsetningu Kolpúfunnar og er þess þá krafist til vara að staðsetning hennar verði viðurkennd á þeim stað sem stefnendur telja. Að öðru leyti er vísað til aðalkröfu.

Málsástæður stefndu í aðalsök

64. Stefndu krefjast sýknu af öllum kröfum stefnenda á grundvelli almennra reglna eignarréttar og ákvæða laga um landamerki nr. 41/1919. Líkt og greini í gagnstefnu þá telja stefndu að landamerki jarðanna Kirkjufells og Háls (nú Háls, Hálsabóls og Sólbakka) afmarkist og liggi eins og lýst sé í aðalkröfu í kröfugerð í gagnsök. Þannig hafi merkin alltaf legið og þannig sé þeim lýst í landamerkjalýsingum. Enginn vafi geti verið á því hvar þúfnabarðssnösín sem kallaðist Kolpúfa hafi staðið og glögglega megi sjá staðsetningu hennar af ljósmyndum og öðrum gögnum frá því áður en merkið hafi horfið við jarðrask vegna vegaframkvæmda árið 1986. Útlínur þúfnabarðsins megi þó enn sjá glögglega af loftmyndum og ofan úr Kirkjufelli. Byggt sé á því að svo hafi landamerkin verið frá örófi alda og hafi verið staðfest með landamerkjalýsingum seint á 19. öld.

65. Stefndu telja ekki vera ágreining við stefnendur um staðsetningu Hrafshjallasnasarinnar. Hún sé vel sjáanleg og þekktanlegt kennileiti í Kirkjufelli. Samt sé GPS-punktur í kröfugerð í stefnu í aðalsök rangur og einnig á kortum og í gögnum stefnenda. Liggi GPS-punktur stefnenda töluvert ofar en hann á að vera eða á svokölluðum Móbergsgirðingi (Breiða girðingi). Stefndu hafi gengið upp á Hrafshjallasnösina og tekið þann GPS-punkt með mælingamanni og byggist kröfugerð þeirra á þeim mælingum.

66. Um rétta staðsetningu Kolpúfunnar og Reiðhólsins sé fjallað nánar um í gagnstefnu sem þingfest var samhliða greinargerð stefndu í aðalsök. Kolpúfan hafi verið staðsett vestan til við Reiðhólinn og hafi verið þúfnabarðssnös og megi sjá hana á myndum af svæðinu. Hnit fyrir þetta merki séu í aðalkröfu í gagnstefnu sett á stað þar sem enn megi sjá leifar af þúfnabarðinu sem þúfnabarðssnösín Kolpúfa hafi verið þótt þúfnabarðssnösín sjálf sé ekki lengur til staðar.

67. Stefnendur tilgreini ekki rétta staðsetningu á stóra steininum sem liggi neðan til í Langholts-neðri-mel. Telji þeir að Langholtið sé staðsett þar sem Háholtin séu. Engin þörf sé á þessum ágreiningi. Langholtið sé vel sjáanlegt í landslaginu, t.d. ofan úr Hrafshjallasnösinni og af loftmyndum. Melur sem liggi á Langholtinu sé einnig vel

sjáanlegur. Í ódagsettri skráningu frá Örnefnastofnun fyrir Háls sem Þorleifur Jóhannesson skráði segi m.a.:

„Fyrir innan Kotlækinn er langt bungumyndað holt, liggur það á ská frá hlíð hyrnnar í áttina til fellsins, heitir það Langholt (27).“

68. Staðsetningu og legu Háholtanna megi einnig sjá í gögnum frá Örnefnastofnun og er vísað til ódagsettrar skráningar frá Örnefnastofnun sem Þorleifur Jóhannesson skráir um þetta þar sem segi m.a.:

„Fyrir utan ána móts við efsta fossinn eru holt all mikil, sem ná upp undir hlíð Mýrarhyrnu, holt þessi heita Háholt (37).“

Efsti fossinn heiti Sveinsfoss og sé horft á svæðið eða myndir af því blasi þetta greinilega við.

69. Í öðru skjali frá Örnefnastofnun um Kirkjufell þar sem Háholtin séu tilgreind, dagsett 1. febrúar 1978 og undirrituðu af Sigríði Jóhannsdóttur, segi m.a.:

„Þvergil (43) heitir vatnsfall, sem kemur úr Skál (sjá Háls) og rennur á milli Neðri- og Fremri-Háholta (44) og Neðri- og Fremri-Kúalága (45) í Kirkjufellsá.“

Sama gildi hér, ef skoðaðar eru myndir af svæðinu blasi þetta greinilega við. Þetta sé eitt af mörgum dæmum um vanþekkingu stefnenda á staðháttum.

70. Enginn ágreiningur ætti þá að vera á milli málsaðila um staðsetningu á hákollinum á svokallaðri Kerlingu sem liggja sunnanvert við Skál í Mýrarhyrnu. Kerlingin í Mýrarhyrnu sé vel sjáanlegt og þekktanlegt kennileiti. Í kröfugerð í stefnu í aðalsök og í gagnstefnu sé notast við sömu hnit fyrir þennan punkt.

71. Byggt er á því að hefð sé fyrir því að landamerkin liggja eins og fram kemur í aðalkröfu. Ef af einhverjum ástæðum verður talið að önnur gögn og staðhættir taki ekki af allan vafa sé ljóst að hefðuð notkun landsins, m.a. með girðingum, beit o.fl., staðfesti eignarhaldið.

72. Því er mótmælt að lengi hafi verið uppi ágreiningur um landamerki milli Kirkjufells og Háls. Fyrst hafi komið upp ágreiningur þegar Guðmundur í Hálsi hafi leyft Bjarna að girða, sbr. málsatvikalýsingu. Síðar hafi komið upp ágreiningur þegar farið var að huga að því að setja bílastæði á svæðinu þar sem Reiðhóllinn hafi verið.

73. Stefndu byggja á því að stefnendur og þeir sem þau leiði eignarrétt sinn að jörðum sínum af hafi sýnt af sér slíkt tómlæti við að gera athugasemdir við landamerki að meta beri það þeim í óhag í þessu máli.

74. Stefnu gera athugasemdir við ýmislegt í stefnu málsins. Í umfjöllun um Kolþúfu komi greinilega fram vanþekking stefnenda á tilurð Kolþúfunnar. Engin kolagerð hafi verið stunduð þarna, heldur hafi landamerkin miðast við þúfnabarðssnös þar sem komið hafi verið fyrir kolum og grjóti hent yfir. Kolþúfan hafi verið staðsetning í þessari þúfnabarðssnös sem fengið hafi þessa nafngift. Þúfnabarðssnösin hafi verið staðsett vestan til við Reiðhólinn og megi glögglega sjá á gömlum loftmyndum af svæðinu.

75. Þá benda stefndu á að í örnefnalýsingu sé „Hálsinn“ talinn víðfeðmt svæði. Ef staðið sé uppi hjá Hrafshjallasnösinni og horft niður eftir Hálsinum sjáist vel hvar Reiðhólinn hafi verið ásamt þúfnabarðssnösinni Kolþúfu. Þannig að Kolþúfan hafi verið í sjónhendingu niður eftir Hálsinum. Sú fullyrðing að merkin liggi niður eftir hryggnum, þ.e.a.s. að merkin liggi ofan á Hálsinum, standist ekki. Það stangist á við landamerkjabréf og innskot Bárðar og Eggerts í skráningu Þorleifs samkvæmt Örnefnaskrá. Í bæði landamerkjalyýsingu fyrir Háls frá 17. júní 1884 og landamerkjalyýsingu fyrir Kirkjufell frá sama degi segi að þúfnabarðssnös, Kolþúfan, hafi verið vestan til við Reiðhól. Þannig standist það ekki að landamerkin hafi legið ofan eftir hálsinum heldur hafi þau legið vestanvert.

76. Þá sé því mótmælt að Kolþúfan hafi verið í Reiðhólum, hún hafi verið vestan við hann, sbr. landamerkjabréf. Einnig sé rangt að Reiðhólinn hafi ekki risið hátt í landslaginu, en af uppdrætti Vegagerðar ríkisins megi sjá að hann hafi verið 20 metra hár og þannig mjög áberandi í landslaginu. Þá hafi vegur aldrei verið lagður yfir Reiðhól líkt og stefnendur haldi fram, heldur í gegnum hann.

77. Stefnu gera fleiri athugasemdir við lýsingu stefnenda, einkum á staðháttum og staðsetningum, sem ekki er ástæða til að taka upp í dóm þennan, sem endurspeglast enda í málatilbúnaði stefndu að öðru leyti.

Málsástæður stefnenda í gagnsök

78. Málsástæður stefnenda í gagnsök eru hinar sömu og nefndar eru í greinargerð þeirra í aðalsök og í gagnstefnu reifaðar sömu athugasemdir við málatilbúnaði stefnenda og lýst er hér að framan að hluta í umfjöllun um málsatvik.

79. Um ástæður þess að stefndu höfða gagnsök nefna þau að kröfugerð í stefnu í aðalsök sé röng og myndi augljóslega leiða til sýknu ef gagnstefnendur myndu aðeins taka til varna með því að skila greinargerð. Fyrst aðalstefnendur hafi stofnað til þessa ágreinings fyrir dómi um landamerkin sé skynsamlegast að höfða gagnsök til að leiða ágreininginn til lykta í eitt skipti fyrir öll.

80. Samaðild eða samlagsaðild sé með gagnstefnendum því að þau eigi jörðina Kirkjufell í óskiptri sameign. Samaðild eða samlagsaðild sé með gagnstefndu því að þau eigi jarðirnar Háls, Hálsaból og Sólbakka hvert um sig en landamerki jarðanna við jörðina

Kirkjufell ráðist af sömu atvikum, aðstöðu og löggerningum því að jarðir gagnstefndu voru áður ein jörð.

81. Um varakröfu er byggt á öllum sömu málsástæðum og um aðalkröfu að því breyttu að punkturinn í þúfnabarðssnösinni Kolþúfu er annar og miðist hann við þann stað þar sem sjá megi ummerki á gömlum loftmyndum um þúfnabarðssnösina Kolþúfu. Aðrir punktar séu þeir sömu.

82. Um þrautavarakröfu er byggt á öllum sömu málsástæðum og að framan að því breyttu að punkturinn í Kolþúfu er annar og miðist hann við staðsetningu girðingar. Aðrir punktar séu þeir sömu. Til þrautavara sé byggt á að þar sé punktur sem ábúendur á Hálsi og Gunnar í Kirkjufelli hafi orðið sáttir um að væru landamerkin eftir að Kolþúfunni hafði verið raskað.

83. Vísað sé til málavaxtalýsingar þar sem sagt sé frá girðingu sem Bjarni Jónasson frá Kóngsbakka reisti. Til þrautavara sé byggt á því að sættir hafi tekist um þessa staðsetningu þótt girðingin hefði með réttu átt að vera nokkrum metrum vestar vegna þess að svo litlu munaði og eigendum Kirkjufells hafi ekki þótt svara kostnaði og fyrirhöfn að gera aftur athugasemdir.

84. Við ákvörðun málskostnaðar telja stefndu, gagnstefnendur málsins, að nauðsynlegt sé að taka tillit til þess að málshöfðun þessi sé eingöngu komin til vegna vankunnáttu gagnstefndu og vanrækslu gagnstefndu við að kynna sér staðhætti.

Málsástæður stefnenda, stefndu í gagnsök

85. Greinargerð stefnenda í gagnsök, þ.e. sem gagnstefndu þar, er aðallega varið í að svara fullyrðingum aðalstefndu í málinu um staðhætti og staðsetningar.

86. Stefnendur vísa til þess að telja verði undarlegt, hafi eigendur Kirkjufells vitað hvar Kolþúfan var árið 1986 og hafi m.a. sinnt því að bæta í hana kolum til glöggvunar um landamerki, að þeir hafi ekki gætt þess að henni yrði ekki raskað eða halda merkjum um hana til haga í ljósi þess að það hafi verið þeir sem annast hafi öll samskipti við Vegagerðina um efnistöku og lagningu vegarins. Þvert á móti verði að telja þetta vísbendingu um að staðsetning Kolþúfunnar hafi ekki verið á hreinu á þessum tíma.

87. Gagnstefndu draga í efa þá frásögn að Gunnar Magnússon hafi farið sem ungur drengur með föður sínum, Magnúsi Gíslasyni, frá Kirkjufelli að bæta í kolin í Kolþúfunni. Ekki hafi neinn verið með í för frá Hálsi til að huga að þeim landamerkjum, þótt umdeild hafi verið. Sé þetta enn eitt dæmi þess að eigendur Kirkjufells hafi ákvarðað landamerkin upp á sitt eindæmi. Þá telja gagnstefndu ljóst m.v. lýsingar í gagnstefnu að ágreiningur hafi verið um landamerkin og þau ekki legið ljós fyrir allt fram á þennan dag. Þær lýsingar um hvenær girðingar hafi verið reistar séu óljósar og hvergi komi fram hvenær þær hafi verið lagðar. Sé lýsingum um þessi atvik mótmælt.

88. Gagnstefndu telja nokkuð örðugt að átta sig á því, út frá framlögðum gögnum, hvar nákvæmlega gagnstefnendur telja rétt merki vera. Ekki séu lögð fram kort sem sýni afstöðu landamerkjanna gagnvart landslagi og staðháttum. Það megi þó sjá af uppdrættinum að lega landamerkjanna væri harla einkennileg ef aðalkrafa gagnstefnenda ætti við rök að styðjast. Þá þyrftu landamerkin að taka á sig verulegan krók þar sem Kolþúfan sé, í stað þess að vera bein lína.

89. Gagnstefndu telja ljóst, þegar skoðaðar séu ljósmyndir sem lagðar hafi verið fram, að sú girðing sem lögð hefur verið eftir hálsinum geti ekki endurspeglad landamerkin. Sjá megi hvernig girðingin tekur aðra stefnu um miðjan hálsinn, til þess að fara í þann punkt sem gagnstefnendur vilja meina að Kolþúfan hafi verið í stað þess að fylgja beinni línu. Þar sem girðingin taki sveigju séu engin merki og landamerkjabréf kveði ekki á um slíkt. Gagnstefndu telja að girðingin sé á réttum stað við efsta punkt, en ljóst sé af myndunum að hún taki sveigju neðarlega á hálsinum til að fara í punkt gagnstefnenda. Á kortum hafi landamerkin síðan verið dregin beina línu úr Hrafnshjallasnös og í þennan punkt. Ljóst megi vera af þessu að mati gagnstefndu að þarna hafi Kolþúfan verið færð til með þeim afleiðingum að landamerkin séu dregin um land gagnstefndu.

90. Gagnstefndu áréttu að Langholtið liggi við Langholtsgrafir. Örnefni Efra-, Neðra- og Fremra-Háholt séu nokkuð á reiki í lýsingum og á sumum kortum megi sjá Neðra-Háholt staðsett á Langholtinu. Í kröfugerð gagnstefndu sé miðað við punkt 9, sem stein á Langholts-neðri-mel sem stundum sé nefndur Neðra-Háholt. Það athugist þó í þessu sambandi að þessar upplýsingar virðist komnar frá örnefnanefnd Hollvinasamtaka Grundarfjarðar, en í þeirri nefnd hafi m.a. setið Gunnar Magnússon frá Kirkjufelli.

91. Þar sem gagnstefndu telja punktinn nr. 9 vera séu mógrafir sem séu enn mjög vel sýnilegar. Þetta séu mógrafirnar sem Bárður Sveinsson lýsi vel í sinni örnefnalýsingu og séu líklega Langholtsgrafir. Í örnefnalýsingu hans segi að innan Kotlækjar sé allumfangsmikil, bunguvaxin og bogadregin hæð, sem heiti Langholt (68); sé það grasi vaxið ofan til (norðan til), en melur eða holt neðan til (að suðaustan). Frá neðri enda þess (þó svolítið bil á milli) liggi móabard út undir Kotlæk.

92. Hvað varði merkin í stóran stein vestan og neðan til í Langholts-neðri-mel, sem stundum virðist nefndur Neðra-Háholt en sé líklega ekki rétt, þá sé sá steinn, sem gagnstefnendur miða við í kröfulínu sinni og ljósmynd er af í málinu, staðsettur austan til í því holti sem gagnstefnendur vilja meina að sé Langholt, en ekki vestan til eins og fram komi í landamerkjalyásingum. Af einhverjum orsökum hafi gagnstefnendur sleppt orðunum „vestan til“ í málatilbúnaði sínum, heldur tala aðeins um „neðan til“. Gagnstefndu telja að það holt sem vísað sé til í gagnstefnu sé alls ekki Langholt.

93. Gagnstefndu telja að Langholt, sem stundum sé nefnt Árholt, liggi þannig að neðsti hluti þess sé milli Kirkjufellsfossa og Reidhóls, það liggi svo upp með Kirkjufellsá upp

að Háholtalæk. Langholts-neðri-melur hljóti því að liggja þar nærri og sömuleiðis steinninn, en þessar staðsetningar séu allnokkru frá því sem gagnstefndu telja vera.

94. Vara- og þrautavarakröfu gagnstefnenda er mótmælt með sömu rökum og í aðalkröfu í gagnsök.

95. Gagnstefndu mótmæla málsástæðum stefndu um hefð og tómlæti. Hefð sé ekki hægt að vinna ef hefðandi veit að ágreiningur er um eignarhald en hann hafi legið fyrir lengi. Eins og fram komi í framlögðum gögnum hafi legið fyrir að ágreiningur hafi verið um eignarhald á umræddu svæði, að minnsta kosti frá 19. öld. Þá séu m.a. í gagnstefnu lýsingar á því að síðari tíma aðilar hafi ekki þekkt nákvæm landamerki. Ekki sé hægt að vinna hefð undir slíkum kringumstæðum.

Niðurstaða

96. Undir rekstri málsins hafa aðilar orðið ásáttir um hvar upphafspunktur í Hrafnshjallasnös í Kirkjufelli sé og á hinum endanum hvar þá endapunktur í hákollu Kerlingar, sunnan við Skál í Mýrarhyrnu, sé. Eru þessi punktar merktir á fyrirliggjandi kortum málsins. Ágreiningur snýst því fyrst og fremst um þá tvo staði þarna á milli, sem merkin skulu dregin um. Annars vegar er þannig deilt um hvar svokölluð Kolþúfa vestan við Reiðhól hafi verið og hins vegar hvar steinn í Langholtsmel hafi verið eða sé. Heitið Kolþúfa er ritað með stórum staf í dómi þessum þótt líklega sé þar ekki um eiginlegt örnefni að ræða.

97. Það athugast að þess sér ekki glöggan stað í málinu að áralangar deilur hafi staðið um merki á milli jarðanna tveggja líkt og haldið er fram í stefnu málsins. Óljósar heimildir eru um slíkt og einkum þar vísað til örnefnalýsinga, sem að mati dómsins með vísan til tilurðar og nokkurrar ónákvæmni geta ekki skipt sköpum í málinu andspænis öðrum gögnum. Sátt milli bænda á Kirkjufelli og Hálsi frá 1822 um merki jarðanna virðist þannig hafa haldist og báðir aðilar vísað til framangreindra landamerkjalyýsinga sem byggjast á þeirri sátt. Þá liggur fyrir að þegar jörðin Háls hefur skipt um eigendur hafa landamerki verið sögð ágreiningslaus og ekki talið tilefni til að lýsa þeim nánar. Þannig var þegar Guðmundur Pálsson, faðir stefnenda, fékk afsal fyrir Hálsi frá Sveinbirni Hjartarsyni 31. maí 1985. Þannig var einnig þegar Guðmundur og Þórunn seldu jörðina börnum sínum þeim Hirti, Sædís og Skarphéðni, 1. maí 2006; landamerki jarðarinnar eru þar sögð ágreiningslaus. Þegar framangreind gerðu með sér samning um skiptingu jarðarinnar 1. september 2010 verður ekki betur séð en að merki hafi verið það skýr að kostur var að hnitsetja þau með nákvæmum hætti í samningnum. Ekki eru sjáanleg gögn um að einhver utanaðkomandi aðili hafi skipt sér af, eða verður séð að hafi getað yfir höfuð, skipt sér af þeirri afmörkun stefnenda sjálfra á jörðinni. Ádráttur í stefnu um að stefnendur hafi verið ósátt við þessar hnitsetningar, sem a.m.k. tvö stefnenda tilgreindu þó sjálf, kemur því örlítið spáskt fyrir sjónir.

98. Þær athugasemdir sem vísað er til í stefnu að stefnendur hafi gert við sýslumanninn á Vesturlandi koma fram síðar, eða 2018, og varða eftir því sem best verður séð vangaveltur þeirra þá, í tengslum við skipulagsbreytingar á svæðinu sem stóðu fyrir dyrum og raktar eru hér að framan.

99. Dómurinn sér þannig þess ekki merki að deilur hafi verið um merki jarðanna fyrr en þær risu í tengslum við umræddar skipulagsbreytingar og þær hafi í raun þannig vaknað til lífs með athugasemdum stefnandans Sæðísar Helgu með bréfi því sem hún ritaði 24. apríl 2018 í tilefni af auglýsingu Grundarfjarðarbæjar á deiliskipulagstillögu fyrir svæði í kringum Kirkjufellsfoss. Þá er ljóst að einhver meiningarmunur var um merki jarðanna þegar Bjarni Jónasson reisti girðingu á svæðinu að beiðni eiganda Háls undir lok síðustu aldar, en sá ágreiningur virðist hafa verið leiddur til lykta í ágætri sátt. Gögn málsins benda í það minnsta ekki til annars.

100. Þannig háttar til að vegna framkvæmda á svæðinu, hefur orðið mikið rask og Reiðhóll ekki svipur hjá sjón frá því sem hann var áður en nýr þjóðvegur var lagður á níunda áratug síðustu aldar. Þá er vart hægt að fallast á að þúfnabarðssnös sú sem stefndu miða við að hafi verið Kolþúfa sé vel greinanleg enda miða stefndu við í kröfum sínum í gagnsök að hún hafi getað verið á þremur stöðum, sem liggja þó afar nærri hver öðrum. Þá er steinn sem stefnendur vilja miða við sem næsta punkt frá Kolþúfu jafnframt horfinn en stefnendur telja sig hafa leitt líkur að því hvar hann hafi verið. Hann hafi hins vegar verið fjarlægður í miklu jarðraski og grjótnámi þegar flutt var efni úr landinu rétt við Kirkjufellsá, til að nýta í varnargarð við höfnina í Grundarfirði seint á síðustu öld. Engar myndir liggja þó fyrir frá fyrri tíð sem sýna slíkan stein eða aðrar skýrar heimildir. Vitnið Ólafur Ingi kvaðst ekki muna eftir neinum sérstökum steini við grjótnámurnar, sem merki hefðu getað verið miðuð við, en þar hefðu fyrir rask verið nokkrir stærri steinar en sá sem stefndu vilja miða við, og girðingin liggur um.

101. Í grunninn er þrátt fyrir orðalag á stundum í málatilbúnaði aðila vart hægt að gera ágreining um hvar Reiðhóll var staðsettur. Loftmyndir og aðrar ljósmyndir staðfesta staðsetningu hans og við aðalmeðferð málsins, þ.m.t. vettvangsgöngu, var ekki hægt að merkja ágreining um hvar hann hafi verið, enda leifar hans merkjanlegar, þótt sjálfsagt megi deila um hvar mörk hans hafi legið nákvæmlega. Ágreiningurinn varðandi þann punkt afmarkast þannig fremur af því hvar svokölluð Kolþúfa hafi verið, eftir atvikum hvort hún hafi verið vestan við hólinn eða vestan í honum, og þá reyndar í sama mund hvar hólnum hafi sleppt.

102. Landamerkjalyásingar þær sem liggja fyrir um merki milli Háls og Kirkjufells frá 17. júní 1884 og raktar eru hér að framan skipta miklu máli við úrlausn málsins. Verður enda

ekki séð að ágreiningur sé um lýsingarnar í sjálfu sér og að út frá þeim hafi verið gengið frá ritun þeirra. Eiga þær sér skírskotun í sátt sem gerð var fyrir „Forlíkunar commissioninn í Grundar þingsökn“ um merkin 19. ágúst 1822 milli bændanna *Daníels Magnússonar á Kyrkjufelli og Eigils Eigilssonar á Hálsi og óáfrýjaðri lögfestu frá 1. júlí 1826* sem vísar til sáttarinnar. Í landamerkjalyýsingum fyrir bæði Háls og Kirkjufell kemur skýrt fram að úr Hrafnshjallasnös fari merkin „sjónhending í Kolþúfu sem er vestan til við Reiðhól.“ Ekkert í málalýsingu stefnenda hefur að mati dómsins sýnt fram á að þúfa þessi hafi verið staðsett í hólnum í stað þess að vera við hann. Örnefnalýsingar megna ekki að hnika framangreindum landamerkjalyýsingum. Annars vegar hafa stefnendur vísað til lýsingar Bárðar Sveinssonar frá Hálsi sem vísar í minni Hallgríms Sveinssonar, fyrrum ábúanda á Hálsi, að merki liggi frá Kolþúfu vestan í Reiðhól, og hins vegar til elstu loftmynda af svæðinu frá 1945 sem sýni áberandi dökkan blett, reyndar vestan til við Reiðhólinn, en þar um kveðast stefnendur draga kröfulínu sína. Í sömu andrá nefna stefnendur að heimreiðin að Hálsi hafi legið á merkjum jarðanna þar sem hún hafi farið yfir hólinn, sem hlýtur þá að þýða að þúfan hafi legið uppi á eða a.m.k. í hólnum.

Kolþúfa

103. Sá punktur sem stefnendur vilja miða við sem Kolþúfu er staðsettur nokkuð norðan- og austanlega á nýju bílplani við Kirkjufellsfossa þar sem vettvangsganga í málinu hófst. Fallist verður á með stefndu, eins og farið var yfir nokkuð ítarlega við aðalmeðferð málsins, að sá staður sé þar sem Reiðhóll stóð, sem myndi leiða til þess að viðmiðunarpunktur nr. 8 í kröfugerð stefnenda liggi um hólinn sem enn sér merki um en ekki við hann. Sú staðsetning fær að mati dómsins ekki staðist, sbr. framangreint.

104. Hún verður t.a.m. ekki réttlætt með því að merki hafi verið dregin eftir hábungu hálsins sem Háls er kenndur við og liggur undir Kirkjufelli. Ekkert í málinu bendir til þess að svo hafi verið þótt undir einhverjum kringumstæðum slíkt hefði getað talist eðlilegt. Í merkjalyýsingu er talað um „ofan eptir hálsinum“ en í örnefnaskrá, sem einkum má rekja til aðila sem tengjast eigendum Háls, er hvergi talað t.a.m. um hábungu eða eftir atvikum einhvers konar vatnaskil á Hálsinum. Stefnendur lýsa því sjálf svo að í örnefnalýsingu Örnefnastofnunar frá 1. febrúar 1978, sem skráð var af Sigríði Jóhannsdóttur, sé ritað að „nálægt háhálsinum liggi landamærin milli jarðanna Kirkjufells og Háls.“ Kröfugerð stefnenda sjálfra miðar enda ekki nákvæmlega við hábunguna eftir því sem næst verður komist. Þannig verður því slegið föstu að línan hafi verið dregin vestan til í hálsinum niður úr Hrafnshjallasnös og í Kolþúfu.

105. Það að gömul heimreið að Hálsi og Kirkjufelli hafi að hluta til legið í gegnum Reiðhól sem ekki er ágreiningur um, getur ekki skipt máli hér. Dómnum sýnist sú staðsetning augljóslega hafa verið til hagræðis og a.m.k. ekkert sem bendir til þess að hún hafi eða henni hafi verið ætlað að afmarka jarðirnar með nokkrum hætti. Myndi slíkt enda ganga gegn landamerkjalyýsingu jarðarinnar og í raun nokkur þversögn í málalýsingu stefnenda hvað þetta atriði varðar.

106. Eftir stendur að staðsetning Kolþúfu samkvæmt málalíbúnaði stefnenda á sér að mati dómsins afar takmarkaða ef nokkra skírskotun til gagna málsins, þ.m.t. tilvísun til dökks bletts vestan í Reiðhól á loftmynd frá 1945. Engin efni eru því til að fallast á punkt sem merktur er nr. 8 í kröfu stefnenda. Dómnum þykir einsýnt að umrædd Kolþúfa liggja eða hafi legið nokkru vestar.

107. Stefndu gera í gagnsök aðal-, vara- og þrautavarakröfu um merki jarðanna en kröfurnar eru einungis frábrugðnar að því leyti sem varðar staðsetningu á Kolþúfunni.

108. Ágreiningslaust er að steinvarða, sem sögð var hafa verið hlaðin á sínum tíma við Kolþúfu, er horfin og ekki hefur tekist að sýna fram á neinar leifar af kolum eða öðrum einkennum sem áttu væntanlega miðað við merkjalýsingar og framburð í málinu að staðfesta staðsetningu þúfunnar. Þá er ekki hægt að fallast á að á þeim stöðum, sem stefndu tilgreina í kröfugerð sinni, séu skýr merki um umrædda Kolþúfu eða einhver augljós teikn um að þar hafi verið ástæða til að setja niður merkjapunkt milli jarðanna. Vissulega eru þarna þúfnabörð en ekki geta þau talist áberandi eða afdráttarlaus.

109. Þegar svo háttar að skýr kennileiti sem vísað er til í landamerkjalyýsingum finnast ekki lengur í löndum, þ.e. hefur verið raskað eða að tveir eða fleiri kostir geta talist líklegir við ákvörðun merkja, þarf að leysa úr slíku með heildarmati á því hvað geti talist eðlilegt að menn hafi miðað við. Þar koma þá til skoðunar t.a.m. atriði eins og lands- og staðhættir, gróðurfar, landkostir og á stundum örnefni sem á er byggjandi. Einnig hlýtur að koma til skoðunar hverju sinni hvernig eigendur og eða ábúendur hafa umgengist land og afmarkað það, þótt slík afnot hafi ekki leitt til þess að land hafi hefðast.

110. Ljóst er að landeigendur beggja jarða hljóta sjálfir að bera ábyrgð á því að ekki hafi verið gætt nægjanlega vel að merkjum jarðanna, þ.e. afmörkun þeirra í gegnum tíðina. Þar getur annar ekki borið meiri ábyrgð en hinn. Slík staða getur leitt af sér skerðingu á réttindum manna ef ekki er tiltölulega fast land til að byggja á þegar merki eru síðar dregin upp í slíku óvissuástandi. Ekki er óvarlegt að slá því föstu að slík óvissa geti skapast með tíð og tíma þegar landeigendur telja sig nokkuð vissu um hvar merki liggja og ekki er sýnilegur ágreiningur í þeim efnum eins og dómurinn telur að hér hafi verið um áratugaskeið, þ.e. þegar síðan ágreiningur rís um merki. Landeigendur gæti þannig síður að sér að gæta merkja ef þeir telja þau ágreiningslaus.

111. Af gögnum málsins, einkum loftmyndum, verður ráðið að mati dómsins að Kolþúfa hafi legið nærri þeim stað sem stefndu telja. Bæði vegna þess að þeir punktar eru vissulega einhvers konar þúfnabörð en þó fremur vegna þess að þeir punktar liggja vestan við Reiðhól, en alls ekki fjarri því sem telja má að hafi verið vestari mörk hans. Lýsingar á reiðleið vestan við hólinn og merki um reiðgötuna á ljósmyndum styðja þetta. Við aðalmeðferð málsins lýsti lögmaður stefndu því að stefndu teldu varakröfu í gagnsök þá líklegustu, þ.e. réttasta út frá gögnum málsins, en það orðalag undirstrikar þá óvissu sem hér er vissulega til staðar.

112. Enn í dag blasa við girðingar þær sem reistar voru, líkast til sú fyrri, þ.e. frá Þjóðvegi og í átt að Kerlingu, upp úr 1990 og sú síðari upp úr aldamótum, frá Þjóðvegi og nokkuð hátt upp í hlíðar Kirkjufells. Um þetta nýtur þó ekki við skýrra gagna og framburður ekki afdráttarlaus, en nokkuð ljóst að girt var á þessu árabili.

113. Ekkert í málinu bendir til þess að þessum girðingum hafi verið ætlað að þjóna sem skýrar girðingar um landamerki jarðanna, heldur hafi þær verið hugsaðar og reistar sem gripagirðingar. Flest bendir hins vegar til þess að girðingarnar hafi þó verið reistar á merkjum eins og menn töldu þau liggja.

114. Fyrri girðingin var eftir því sem næst verður komist reist að frumkvæði eigenda Háls þar sem Bjarna Jónassyni frá Kóngsbakka hafði verið heimilað af þeim að geyma hross í landi Háls og girðingunni því vafalaust ætlað að girða fyrir ágang á landi nágranna Háls. Engin rök eru sjáanleg fyrir því hvers vegna slík girðing hefði átt að rísa vestan við meint merki Háls. Ágreiningslaust er í málinu að Bjarni var stöðvaður við girðingarvinnuna og hann gerður aftur reka með hluta hennar vegna mótmæla eiganda Kirkjufells. Var girðingin rifin upp og færð á þann stað sem hún er á í dag. Dómurinn telur öll rök hníga að því að þar hafi, eftir viðræður, eigendur jarðanna sammælt um að merkin lægu þarna um.

115. Stefnandinn Sædís orðaði það svo í skýrslu sinni að menn hefðu ákveðið að gefa eftir. Bjarni hefði talið sig vera að girða á merkjum í fyrstu en girðingin hafi verið færð vegna mótmæla fulltrúa Kirkjufells. Guðmundur, faðir hennar, hafi ekki talið ástæðu til að mótmæla girðingarstæðinu; hafi ekki viljað standa í slíku. Ekkert liggur fyrir um að einhverjir fyrirvarar hafi verið hafðir uppi við þetta tilefni eða athugasemdir. Eftir stendur hins vegar að girðingin var reist og stendur enn.

116. Ekki er hægt að líta öðruvísi á en að það hafi verið gert samkvæmt samkomulagi þáverandi eigenda jarðanna. Jafnframt verður að telja afar líklegt og eðlilegt að þrátt fyrir að ástæða girðingarinnar hafi í upphafi verið önnur, hafi hún á endanum verið sett niður á merkjum jarðanna.

117. Þá kom Valgeir Þór Magnússon fyrir dóm og staðfesti að hann hefði reist girðingu um 1993 út frá girðingu sem fyrir var. Þessa girðingu hafi hann reist til að afmarka hestagerði sem hann fékk leyfi frá eigendum Kirkjufells til að setja upp. Hann kvaðst hafa fengið tvo landeigendur frá Hálsi og tvo frá Kirkjufelli til að staðfesta landamerki áður en hann girti. Þetta hafi verið þau Þórunn Kristinsdóttir og Guðmundur Pálsson frá Hálsi og Gunnar og Gísli Magnússynir frá Kirkjufelli. Þar hafi hann miðað við þá girðingu sem fyrir var, sem hafi verið landamerkjagirðing.

118. Ragnar Alfredsson greindi frá því að hann hefði reist girðingu milli Kirkjufells og Háls eins og hann orðaði það. Hann taldi þetta hafa verið 1991, en gögn málsins gera

líklegra að þetta hafi verið upp úr aldamótum, án þess að það skipti sköpum. Ragnar hafði fengið leyfi til að vera með hross í landi Kirkjufells. Hafi Guðmundur Pálsson og Gunnar Magnússon verið kallaðir til svo að girt yrði á réttum stað. Vitnið kvaðst ekki hafa verið áheyrandi að viðræðum þeirra en talið víst að þeir hafi sammælt um punkta og að þarna væri girt á merkjum frá þjóðvegi og upp í Kirkjufell. Um þetta hafi tekist samkomulag enda hafi þurft að girða á réttum stað. Ragnar hafi girt ákveðið hátt upp í Kirkjufell. Ágreiningslaust er síðan í málinu að bóndinn á Hálsi hafi síðan girt áfram í beinni línu upp ofar í fellið til að halda sauðfé. Ekki er heldur ágreiningur um að Ragnar fékk rafmagn í girðinguna frá Guðmundi á Hálsi.

119. Ágreiningslaust er að girðingin milli jarðanna liggur um þann punkt sem markar þrautavarakröfu stefndu í gagnsök. Á sá punktur sér góða skírskotun í önnur gögn málsins. Þrátt fyrir að framburður kunnugra í málinu sem og vettvangsganga og staðhættir geti sannanlega stutt við aðal- og varakröfu stefndu þykja þau gögn ekki megna að hnika til merkjum eins og telja verður að eigendur jarðanna hafi orðið ásáttir um fyrir líkast til um þrjátíu árum.

120. Að endingu varðandi staðsetningu Kolþúfu, að þá styður það enn frekar málatilbúnað stefndu en dregur jafnframt úr trúverðugleika stefnenda í þeim efnum að Reiðhóllinn var allur undirlagður við efnistöku vegna framkvæmda við nýjan þjóðveg sem hófust 1986. Hvergi er hægt að sjá merki þess að eigendur Háls hafi eitthvað amast við stórfelldri efnistöku úr því landi sem þeir nú telja að hafi verið innan merkja Háls. Stefnendur hafa bent á meint tengsl stefndu við Vegagerðina, en slík tengsl, ef fyrir hendi voru og voru til þess fallin að hafa einhver áhrif á framgang mála, skýra ekki algjört afskiptaleysi eigenda Háls af þessari framkvæmd í túnfæti jarðarinnar eða fremur að hluta innan merkja hennar miðað við málatilbúnaðinn í dag. Samkvæmt gögnum málsins fóru allar greiðslur vegna efnistöku til eigenda Kirkjufells og samráð eingöngu haft við þá. Hlýtur þetta að vera til marks um að ekki hafi staðið deilur um að merki jarðanna lægju utan Reiðhóls og svo langt frá honum í það minnsta að hafi ekki kallað á afskipti eigenda Háls af efnistöku úr hólnum, sem var slík að umfangi, að leiddi til þess að hóllinn hvarf að mestu.

121. Að sama bruni ber að sveitarfélagið þar sem jarðirnar eru hefur í skipulagsvinnu sinni miðað merki við þá staðsetningu sem liggur vestan við Reiðhól, án þess að það skipti þó einhverjum sköpum í málinu.

122. Verður með vísan til framangreinds því fallist á þrautavarakröfu stefndu í gagnsök varðandi það hvar svokölluð Kolþúfa hafi verið sem markar þá rétt viðmið landamerkja jarðanna, þ.e. viðkomustað, milli Hrafshjallasnasar og steins vestan og neðan til í Langholts-neðri-mel.

123. Er enda ekkert í legu landsins, staðháttum og kennileitum eða önnur ummerki sem gera önnur merki líklegri en þau sem að minnsta kosti þegjandi samkomulag en þó fremur

gefið samþykki lá fyrir um af hálfu eigenda Háls og Kirkjufells að því er virðist allt til 2018. Gögn málsins og framgangur eigenda þessara jarða styður hins vegar þessa niðurstöðu.

Steinn

124. Liggur þá fyrir að ákvarða hvaðan landamerkjalinan liggir á milli Kolþúfu og Kerlingar. Eftir að Kolþúfa hefur verið staðsett með framangreindum hætti blasir við að merki samkvæmt kröfugerð stefnenda tækju að vissu leyti mjög óvænta stefnu frá þeim stað í þann stað sem stefnendur byggja á að hafi verið umræddur steinn í Langholtsmel. Ekki hefur verið sérstaklega rökstutt í málinu af hálfu stefnenda hvernig stæði á slíkri stefnubreytingu, enda svo sem af þeirra hálfu miðað við aðra staðsetningu Kolþúfunnar sem þó skilur eftir sig spurningar um hvers vegna merki hefðu verið dregin í ímyndaðan stein á því holti sem deilt er um hvort heiti Árholt eins og stefndu telja eða heiti Árholt á annan veginn en Langholt á hinn. Bárður Sveinsson frá Hálsi lítur að því er virðist aðeins öðruvísi á málið í örnefnalýsingu sinni, sem stefnendur horfa nokkuð til, og telur að þegar vísað sé til steins í Langholti geti í landamerkjalyfingu verið átt við stein í Árholti. Hann setur þannig holtin ekki saman heldur rengir hugsanlega staðsetningu steinsins.

125. Sá steinn sem stefnendur vísa til getur einungis verið ímyndaður nú þar sem ágreiningslaust er að steinninn er horfinn og engin ummerki um hann sjáanleg eða eldri heimildir. Andsvör stefndu við þessu verða ekki skilin öðruvísi en svo að þarna hafi ekki verið steinn, a.m.k. ekki sem skipt hafi máli við ákvörðun merkja. Slíkt sé með öllu ósannað.

126. Hryggjarstykkið varðandi þennan hluta ágreinings aðila lýtur að því hvar Langholt er. Ekki verður þannig séð að stefnendur taki að þessu leyti undir ádrátt í örnefnalýsingu Bárðar um að í merkjalýsingu sé vísað ranglega í Langholt þar sem líklega hefði átt að vísa í Árholt, heldur sé byggt á því að Árholt og Langholt sé að mestu sama holtið.

127. Um þetta hafa verið lögð fram nokkur gögn í málinu. Til stuðnings þessu hafa stefnendur byggt á því að grjótnámur þær sem nýttar voru þegar hafnargarður var reistur í Grundarfjarðarhöfn á níunda áratug síðustu aldar hafi verið kallaðar Langholtsnámur, en þar kveða þau þann mel hafa verið sem steinninn hafi verið staðsettur í. Ekkert styður þetta í málinu nema þá framburður Ólafs Inga, bónda á Mýrum, sem taldi þetta vera rétt. Annar framburður í málinu styður þetta ekki.

128. Á vettvangi, sem og af ljósmyndum, er sýnilegt nokkuð mikið holt undir Mýrarhyrnu sem gengið var meðfram við vettvangsgöngu og svo upp á holtið á mela þar sem steinn sá er sem stefndu vilja miða við og sannanlega er girt í. Af málalíbúnaði stefnenda virðist sem svo að þessi, samt nokkuð áberandi holt, beri ekki nafn.

129. Í örnefnalýsingu Bárðar Sveinssonar frá Hálsi, sem ritaði hana reyndar eftir minni sínu og bræðra hans, Eggerts og Hallgríms, á nöfnum og staðháttum, allmörgum árum

eftir að þeir höfðu komið á staðinn, er svofelld lýsing: „Innan Kotlækjar er allumfangsmikil, bunguvaxin og bogadregin hæð, sem heitir Langholt; er það grasi vaxið ofan til (norðan til), en melur eða holt neðan til (að suðaustan). Frá neðri enda þess (þó svolítið bil á milli), liggur móabard út undir Kotlæk. Það heitir Langholtsbard. Á milli þess og Langholtsins liggur Langholtsmýrin og liggur hún út að Kotlæk. Neðan (austan) við Langholtsbarðið eru Langholtsgrafir.“ Síðar segir að frá Langholtsgröfum sé nokkur kippur niður að Þverlæk, en Þverlækur er nokkru fyrir í lýsingunni sagður á milli Kotlækjar og Kvíalækjar. Í lýsingu Bárðar er hvergi getið um Árholt sem örnefnis í landi Háls. Ekki er þó sýnilegur ágreiningur um að Árholt heiti sannanlega holtin sem liggja meðfram Kirkjufellsá að vestanverðu.

130. Þorleifur Jóhannesson lýsir þessu svo í landamerkjalyýsingu sinni: „Holtin fyrir utan Kotlæk heita Smáholt. Fyrir innan Kotlækinn er langt bungumyndað holt, liggur það á ská frá hlið hyrnunnar í áttina til fellsins, heitir það Langholt.“

131. Í því sem kallað er: „Innskot“ í skráningu Þorleifs Jóhannessonar á örnefnum í Kirkjufelli, frá téðum Bárði og bróður hans Eggert Sveinssyni frá Hálsi frá 30. janúar 1978, fjalla þeir bræður um Árholt sem liggja milli Kirkjufellsfossa og Reiðhóls upp með ánni vestanverðri allt upp að Háholtalæk. Ekki minnst þeir bræður í innskoti sínu á Langholt. Þetta innskot þeirra bræðra virðist svo rata í endanlega lýsingu Þorleifs á örnefnum, sbr. skrá sem undirrituð er af Sigríði Jóhannsdóttur hjá Örnefnastofnun 1. febrúar 1978.

132. Að lokum skal þess getið að í framangreindri lýsingu bræðranna frá Hálsi er sagt um Kvíalæk að ofan (sunnan) við þjóðveginn hafi hann dreifst um mýrasundin inn undir Árholt en komið aftur í ljós neðan neðri enda Langholts. Sú lýsing samræmist illa þeirri ályktun stefnenda að Árholt og Langholt sé eftir atvikum sama holtið; að holtið beri jafnvel sitthvort nafnið eftir því hvorum megin hryggjar talað er um það.

133. Rökstuðningur stefnenda fyrir staðsetningu umrædds steins stenst að mati dómsins ekki, enda hann afar takmarkaður eðli máls samkvæmt. Ekki er sjáanlega við annað að styðjast en framangreindar örnefnalýsingar sem að mati dómsins styðja ekki málatilbúnað stefnenda með afdráttarlausum hætti. Jafnvel mætti frekar halda því fram að lýsing Þorleifs eigi mun frekar við þau holt sem sannanlega liggja meðfram Mýrarhyrnu og eru mjög greinilega aðskilin frá því sem kallast Árholt. Dómurinn telur afar líklegt að fjallað hefði verið um það í örnefnalýsingum ef Árholt, sem ágreiningslaust er að liggur upp með Kirkjufellsá, og Langholt væru sama holtið. Ekkert er um Árholt fjallað í framlögðum örnefnalýsingum varðandi Háls, enda sýnilega ágreiningslaust að Árholt er alfarið í landi Kirkjufells.

134. Ekki er heldur ágreiningur um hvar Kotlækur er og að hann sé talsvert inni í landi Háls og afar langsótt að holt þau sem liggja innan hans og meðfram Mýrarhyrnu, sbr. lýsingu Þorleifs, geti verið Árholtin, þ.e. á annan veg, sem kallist þar Langholt, heldur sé

þar vísað til holtsins sem blasir við meðfram hyrnunni og liggur í átt til Kirkjufells. Hér hlýtur að skipta máli að málatilbúnaður stefnenda gerir ráð fyrir því að þessara holta, þ.e. innan Kotlækjar sem sannanlega eru að mestu innan merkja Háls, sé hvergi getið í örnefnalýsingum jarðarinnar, þ.e. ef Langholtin, sem sannanlega er þar lýst, væru sömu holt og Árholtin þá stendur hitt holtið eftir ónefnt og að engu getið. Slíkt væri afar sérstakt, og bendir hins vegar til þess að þessu sé ekki þannig farið.

135. Ekki er þá sjáanlegur ágreiningur um að Langholtsbarð og Langholtsgrafir séu staðir sem tengist beint Langholtinu sjálfu eðli máls samkvæmt. Því skýtur skökku við og samræmist vart málatilbúnaði stefnenda, að Bárður Sveinsson lýsir því að „nokkur kippur“ sé frá Langholtsgröfum niður í Þverlæk sem er, sbr. framangreint, lækur milli Kotlækjar og Kvíalækjar. Allt bendir þetta til þess að mati dómsins að Langholt og þar með Langholtsmelur sé þar sem stefndu halda fram.

136. Rétt er þó að geta að einhverjar leifar mógrafa virðast sjáanlegar, sem hafa hugsanlega verið teknar í því landi sem dómurinn telur að hafi getað verið innan marka Kirkjufells, þótt upplýst megi telja í málinu að Kirkjufellsbændur hafi tekið sinn mó talsvert austar og líkast til ekki þarna. Þetta megnar þó ekki að mati dómsins að yfirvega önnur rök sem gera þau merki líklegust sem dómurinn telur rétt, þ.e. ef þarna er sannanlega um mótgrafaleifar að ræða, sem stefndu hafa mótmælt.

137. Að mati dómsins vegur það síðan talsvert að þegar horft er frá Kolþúfu eða eftir atvikum vestari mörkum Reiðhóls upp eftir girðingu þeirri sem reist var og að framan er getið þá má greinilega merkja að hún liggur í átt að tveimur melum sem eru í því holti sem dómurinn telur að séu það Langholt sem Langholtsmelir eru kenndir við. Þar er greinilega efri og neðri melur. Í neðri melnum eru sannanlega tveir sæmilega stórir steinar og liggur girðingin upp í annan þeirra. Sá steinn er sýnilegur frá Kolþúfu og liggur nær henni. Þótt steinninn sé a.m.k. ekki á yfirborði gríðarstór, sker hann sig úr á svæðinu og er sem slíkur ágætlega fallinn til að gegna hlutverki merkjasteins, ef hægt er að orða það svo.

138. Af ljósmyndum og kortum sem og vettvangsgöngu verður því ráðið, með ágætri vissu að mati dómsins, að sá staður í landinu sem stefndu byggja á að afmarki merki jarðanna á milli Kolþúfu og Kerlingar, sé sá staður sem lýst er í framangreindri landamerkjalyýsingu sem stórs steins vestan og neðan til í Langholts-neðri-mel. Þótt deila megi, strangt til tekið, um hvort steinninn liggir vestan til í melnum er ekki öðrum steini til að dreifa að mati dómsins sem getur fallið undir þessa lýsingu.

139. Þau gögn sem fyrir liggja í málinu verða því talin styrkja eindregið málatilbúnað stefndu að þessu leyti þannig að eins og atvikum háttar sem og sönnunarstöðu í málinu verður sönnunarbyrði fyrir hinu gagnstæða, sem telja verður ólíklegri kost, þ.e. að steinn sá sem þarna var vísað til sé annar en sá sem stefndu byggja á, því lögð á aðalstefnendur málsins. Slík sönnun hefur ekki tekist að mati dómsins.

140. Verður því fallist á kröfur stefndu varðandi það hvernig merkin liggja þarna á milli, en þessi staðsetning er hin sama í aðal-, vara- og þrautavarakröfu stefndu í gagnsök. Um sjónarmið þessu til stuðnings verður einnig vísað til umfjöllunar um girðingarvinnu á merkjum jarðanna og eftir því sem næst verður komist samkomulags landeigenda þá um hvar þau skyldu liggja.

141. Ekki verður fallist á sjónarmið stefnenda um að óeðlilegt sé að merki á milli Hrafshjallasnasar og Kerlingar séu því sem næst bein lína, og því ekki þörf á að geta Kolpúfu og steinsins, ef fallist er á kröfur stefndu. Ekkert óeðlilegt er að lína milli jarðanna sé dregin í gegnum kennileiti á leiðinni milli þessara óumdeildu og skýru höfuðpunkta, og er einungis til frekari afmörkunar, sbr. t.d. sjónarmið er giltu áður fyrir um að ef sjónhending skyldi ráða milli náttúrulegra staða, skyldi setja niður merkjasteina eða hlaða vörður á merkjum með hæfilegu millibili sbr. t.d. umfjöllun í dómi Hæstaréttar í máli nr. 338/1996. Miðað við önnur gögn málsins er þvert á móti fátt sem styður það hvers vegna merki jarðanna ættu ekki að vera því sem næst bein lína þarna á milli.

142. Eins og að framan greinir þá verður ekki gerður ágreiningur um hvar hákollur Kerlingar er. Ekkert er óeðlilegt við að vísað sé í hæsta punkt á slíku kennileiti sem er til þess fallið að gefa lítið svigrúm til ágreinings. Rétt er að taka fram að dómurinn sér ekki að tilgreining í hákoll hafi sérstaka þýðingu í málinu fyrir málatilbúnað stefnenda varðandi það hvar umræddur steinn sé í landinu. Á það var bent í vettvangsgöngu að frá þeim stað sem steinninn kann að hafa verið á samkvæmt stefndu sér einungis í hákoll Kerlingar en hún sést ekki að öðru leyti. Allt eins mætti með réttu halda því fram að tilvísun í Kerlingu hefði þá með öllu verið óþörf og látið sitja við að lýsa merkjum í þann dranga, sem væntanlega er þá Kerlingartindur, sem stendur frammar Kerlingu frá þessu sjónarhorni.

143. Að fenginni þessari niðurstöðu er ekki ástæða til að fjalla um hvort skilyrði séu uppfyllt fyrir því að stefndu hafi hefðað umrætt landsvæði, að merkin hafi þá hefðast eftir þeim reglum sem um slíkt gilda samkvæmt lögum nr. 46/1905 um hefð, eða að meint tómlæti aðila skipti hér máli umfram það sem af framangreindri niðurstöðu í raun leiðir. Niðurstaða málsins verður því sú að stefndu verða sýknuð af öllum kröfum stefnenda í aðalsök og fallist verður á kröfur stefndu sem þau gera í þrautavarakröfu sinni í gagnsök málsins eins og nánar greinir í dómsorði.

144. Að virtum þessum úrslitum verður stefnendum í aðalsök, sem eru stefndu í gagnsök, sameiginlega gert að greiða stefndu í aðalsök, sem öll eru stefnendur í gagnsök, málskostnað í samræmi við meginreglu 1. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Stefndu verður í samræmi við málatilbúnað þeirra og stöðu, dæmdur

sameiginlega málskostnaður. Málskostnaður í aðalsök og gagnsök er ákveðinn í einu lagi út frá umfangi málsins og ákveðst 1.600.000 krónur.

Málið fluttu Gunnar Ingi Jóhannsson lögmaður fyrir stefnendur og Magnús Óskarsson lögmaður fyrir stefndu.

Dóminn kveður upp Lárentsínus Kristjánsson héraðsdómari.

D Ó M S O R Þ

Stefndu skulu sýknir af kröfum stefnenda í aðalsök.

Viðurkennt er að landamerki jarðanna Kirkjufells og Háls skuli afmarkast með svofelldum hætti: Frá Hrafnshjallasnös í Kirkjufelli við Grundarfjörð með hnitin Y 499670.336 X 296530.883 í beinni línu á stað þar sem Kolþúfa stóð, með hnitin Y 499008.061 X 296098.358, þaðan í beinni línu í stóra stein á Langholts-neðri-mel með hnitin Y 498610.875 X 295817.495 og þaðan í beinni línu í hákollinn á svokallaðri Kerlingu sunnanvert við Skál með hnitin Y 497666.5 X 294821.0.

Stefnendur greiði sameiginlega stefndu óskipt 1.600.000 krónur í málskostnað.

Lárentsínus Kristjánsson